

4. aðalfundur FG haldinn 13. og 14. mars 2008

Skýrsla stjórnar Félags grunnskólakennara 2005 -2008

Stjórn Félags grunnskólakennara

Á aðalfundi Félags grunnskólakennara, sem haldinn var 18. og 19. febrúar 2005, voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins:

- Ólafur Loftsson KFR formaður
- Þórður Á. Hjaltested KMSK
- Sesselja G. Sigurðardóttir KR
- M. Paloma Ruiz Martinez KMSK
- Valgerður Eiríksdóttir KFR

Í varastjórn voru kjörin:

- Árni Rúnar Þorvaldsson KSA
- Sigurður Haukur Gíslason KMSK
- Ásta Ólafsdóttir KFR,
- Þorgerður L. Diðriksdóttir KFR
- Hildur J. Agnarsdóttir KSA

Röð varamanna stjórnar er sú sama og í upptalningunni hér að framan.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skiptu stjórnarmenn þannig með sér verkum:

- Formaður: Ólafur Loftsson KFR
- Varaformaður: Þórður Á. Hjaltested KMSK
- Gjaldkeri: Sesselja G. Sigurðardóttir KR
- Ritari: M. Paloma Ruiz Martinez KMSK
- Meðstjórnandi: Valgerður Eiríksdóttir KFR

Á tímabilinu frá mars 2005 til dagsins í dag hafa verið haldnir u.þ.b. 55 stjórnarfundir.

Frá árinu 2005 hafa eftirfarandi breytingar orðið á stjórn: Sesselja G. Sigurðardóttir var ráðin þjónustufulltrúi félagsins og sagði sig úr stjórn. Sæti hennar sem gjaldkeri tók Árni Rúnar Þorvaldsson KSA.

M. Paloma Ruiz Martinez sagði sig úr stjórn af persónulegum ástæðum. Í hennar stað kom Sigurður Haukur Gíslason KMSK. Valgerður Eiríksdóttir var kosin ritari félagsins. Árni Rúnar Þorvaldsson sagði sig úr stjórn er hann var kosinn sveitarstjóri. Í hans stað kom Ásta Ólafsdóttir KFR.

Varamenn stjórnar hafa setið fundi stjórnar frá því í janúar 2007 með málfrelsi og tillögurétt.

Skrifstofa, starfsmannahald og fjármál félagsins

Starfsmannamál félagsins eru með eftirfarandi hætti:

Formaður, Ólafur Loftsson, er í fullu starfi.

Varaformaður, Þórður Árni Hjaltested, er í fullu starfi.

Þjónustufulltrúi, Sesselja G. Sigurðardóttir, er í fullu starfi.

Formaður KFR, Þorgerður L. Diðriksdóttir, er í 50% starfi hjá KFR og FG.

Aðalfundur FG samþykkti fjárhagsáætlun félagsins fyrir tímabilið 2005 – 2008 (sjá fylgiskjal). Í henni var gert ráð fyrir hækkuðu framlagi frá Kennarasambandi Íslands til að hægt yrði að ráða þjónustufulltrúa til félagsins. Á þingi KÍ var framlagið hækkað til samræmis við óskir og áætlanir aðalfundar FG.

Við þessar breytingar hætti FG að greiða hluta af launum launafulltrúa KÍ og greiðir KÍ laun hans að fullu. Stjórn FG tók ákvörðun um að formaður KFR þyrfti ekki að sinna vinnuskyldu hjá FG heldur gæti unnið að þeim fjölmörgu verkefnum sem eru fyrir hendi í Reykjavík.

Reikningar voru lagði fram og kynntir á fundinum.

Á aðalfundi félagsins kom fram krafa um að sérstakt átak yrði gert í ímyndar- og kynningarmálum félagsins. Stjórn hefur þegar opnað heimasíðu svæðafélaganna og FG, www.fgk.is og komið á laggirnar fréttabréfi sem sent er til kennara. Að auki hefur verið unnið að því að fá utanaðkomandi aðila til að vinna að ímyndar- og kynningaráætlun fyrir félagið. Ljóst er að ímyndar- og kynningarmál eru mjög dýr og þess vegna sótti stjórn FG um styrk til KÍ og fékk til þess verkefnis.

Stjórn FG hefur ákveðið í samráði við nefnd, sem valin var til að fjalla m.a. um fjármál svæðafélaganna, að leita eftir frekara fjármagni til KÍ.

Svæðafélögin og samráðsfundir

Svæðafélög FG eru tíu. Þau gegna afar mikilvægu hlutverki í uppbyggingu félagsins. Stjórn hefur lagt áherslu á að efla tengsl við svæðafélögin og innan svæðanna. Í þessu skyni hefur formaður heimsótt stjórnir svæðafélaganna. Heimasíðu FG og svæðafélaganna er ætlað að auka upplýsingagjöf til félagsmanna, auk þess sem svæðafélögin sjálf geta haft eigin vefsvæði án kostnaðar. Þar geta þau birt fréttir, verið með atburðadagatal, skoðanakannanir og ýmislegt fleira.

Skv. lögum FG skal stjórn boða til samráðsfundar með formönnum svæðafélaga a.m.k. tvisvar á ári. Samráðsfundur er stjórn til ráðuneytis um stjórnun félagsins, m.a. við undirbúning aðalfundar og ársfunda. Mun fleiri fundir hafa verið haldnir heldur en lög gera ráð fyrir og er það vel. Stjórn tók þá ákvörðun í upphafi að tengja starf sitt meira við svæðaformennina.

Eins og gengur hafa ýmis mál verið rædd á samráðsfundunum. Má þar helst nefna kjaramál, skólamál, ímyndar- og kynningarmál, málefni er snerta bókun 5 í kjarasamningi okkar, 16.1, haustþing svæðafélaganna, fjármál þeirra, trúnaðarmannanámsskeið og margt fleira. Að auki hefur formaður FG hitt allar stjórnir svæðafélaganna og hafa þeir fundir verið afar góðir og gagnlegir.

Það er fámennri stjórn félagsins mjög mikilvægt að hafa þann bakhjarl sem formenn og stjórnir svæðafélaganna eru og vill stjórn FG nota tækifærið og þakka þeim samstarfið á liðnum árum.

Skólaheimsóknir og fundir með stjórnnum svæðafélaga

Stjórn FG telur mjög mikilvægt að efla og styrkja tengsl við félagsmenn. Í þeim tilgangi hafa formaður og varaformaður farið í fjölmarga skóla, kynnt félagið og svarað spurningum kennara. Stjórn FG stefnir að því að heimsækja eins marga skóla og unnt er á kjörtímabilinu. Formaður hefur fundað með stjórnnum svæðafélaga FG. Tilgangur þeirra funda er að efla tengslin og heyra beint frá stjórnnum svæðafélaganna hvernig gengur á þeirra félagssvæði, fá viðbrögð við starfi FG auk þess að svara spurningum. Oft hefur skólaheimsóknnum verið fléttað saman við þessar heimsóknir. Að auki hefur formaður KFR farið í marga skóla á höfuðborgarsvæðinu.

Samninganefnd

Samninganefnd FG skipa stjórn og fimm fulltrúar sem kjörnir eru á aðalfundi. Á aðalfundinum voru eftirtaldir kjörnir í samninganefnd:

- Jón Pétur Zimsen KFR
- Unnur G. Kristjánsdóttir KR
- Baldur Þorsteinsson KFR
- Guðrún Guðmundsdóttir KR
- Sigurjón Magnússon BKNE

Til vara voru kosin:

- Örn Arnarson KFV
- Katrín Þ. Andrésdóttir KS
- Ólafur Lárusson KV
- Anna Björg Sveinsdóttir KMSK
- Sigurður Freyr Sigurðarson KSA (er nú í BKNE)

Samninganefnd félagsins var því þannig skipuð:

- Ólafur Loftsson KFR
- Þórður Á. Hjaltested KMSK
- Valgerður Eiríksdóttir KFR
- Árni Rúnar Þorvaldsson KSA
- Sigurður Haukur Gíslason KMSK
- Jón Pétur Zimsen KFR
- Unnur G. Kristjánsdóttir KR
- Baldur Þorsteinsson KFR
- Guðrún Guðmundsdóttir KR
- Sigurjón Magnússon BKNE

Samninganefndin hefur haldið um 45 fundi síðan 2005.

Formaður FG er jafnframt formaður samninganefndar.

Ritari nefndarinnar var kosin Unnur G. Kristjánsdóttir.

Nokkrar breytingar hafa orðið á nefndinni. Jón Pétur, Árni Rúnar, Guðrún og Valgerður hættu á tímabilinu. Í þeirra stað komu Örn Arnarson KFV, Ásta Ólafsdóttir KFR, Ólafur E. Lárusson KV og Þorgerður L. Diðriksdóttir KFR.

Hlutverk samninganefndar er:

- Að ganga frá endanlegri kröfugerð.
- Að annast gerð kjarasamninga.
- Að taka ákvörðun um hvort efna skuli til atkvæðagreiðslu um verkfall.
- Að taka ákvörðun um hvort undirrita eigi kjarasamning með fyrirvara um samþykki félagsmanna og um hvort fresta skuli verkfalli.

Meðal helstu verka samninganefndar hafa verið:

- Umfjöllun um vinnustaðasamninga.
- Vinna við 16.1 að beiðni stjórnar.
- Vinna við undirbúning kröfugerðar.
- Vinna í kjölfar 16.1 vegna kjara- og skólamála.
- Kynningar á samningsmarkmiðum.
- Samningaviðræður við LN.

Vinna vegna 16.1

Mikill tími og orka fór í viðræður við LN vegna þessa ákvæðis. Þar segir:

16.1 Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. desember 2007 en er uppsegjanlegur miðað við þá dagsetningu með þriggja mánaða fyrirvara. Sé samningnum ekki sagt upp framlengist hann til 31. maí 2008 og fellur þá úr gildi án uppsagnar en launatafla hækkar hinn 1. janúar 2008 um 2,25%.

Aðilar skulu taka upp viðræður fyrir 1. september 2006 og meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjarapróun gefi tilefni til viðbragða og ákveða þær ráðstafanir sem þeir verða sammála um.

Félag grunnskólakennara hafði ítrekað óskað eftir því við sveitarfélögin að hefja vinnu vegna þessa ákvæðis allt frá því í desember 2005. Eins og ljóst er náðist ekki samkomulag og að tillögu ríkissáttasemjara í mars 2007 varð eftirfarandi að samkomulagi milli aðila:

- Eingreiðsla að upphæð 30.000 1. maí 2007
- Áramótaleiðrétting 2007 / 2008 verður 3% í stað 2,25%
- Allir fá 1 lfl.leiðréttingu (3%) 1. mars 2008
- Kjarasamningur aðila gildir til 31. maí 2008

Með tillögu sáttasemjara féllust aðilar á að viðræðum um grein 16.1 í kjarasamningi KÍ og LN fyrir grunnskóla væri lokið.

Með samkomulaginu var fylgiskjal um vinnu sem aðilar skuldbundu sig til að hefja strax.

Vinnan sem rætt er um í fylgiskjalinu skiptist í tvennt. Annars vegar er fagleg vinna við að móta framtíðarsýn og finna leiðir til jákvæðrar skólaþróunar.

Hins vegar vinna við að greina kjarasamning aðila og bera hann saman við viðmiðunarhópa með það að markmiði að nýr kjarasamningur liggi fyrir í maí 2008 þegar nógildandi kjarasamningur rennur út.

Mikil vinna hefur farið fram í kjölfar 16.1. Gerð verður grein fyrir skólamálahluta hennar í umfjöllun um skólamálaráð.

FG og LN skuldbundu sig m.a. til eftirfarandi vinnu:


- a) Nákvæm greining verður gerð á núverandi kjörum eftir starfsheitum, starfsaldri, menntun, kyni, aldri o.fl.
- b) Samanburður verður gerður á kjörum grunnskólakennara og sambærilegra starfsstétta.
- c) Gildandi kjarasamningur verður greindur m.t.t. þeirrar framtíðarsýnar og hugmynda um skólaþróun sem aðilar verða sammála um og leitast verður við að skilgreina hverju þurfi að breyta í kjarasamningi svo að ákvæði hans styðji við nauðsynlega framþróun í samræmi við sameiginlega framtíðarsýn í skólamálu.
- d) Fyrirliggjandi kannanir og skýrslur um kjaraviðræður og kjarasamning aðila verða yfirfarnar og nýjar sameiginlegar kannanir gerðar eftir þörfum.

Vinna við undirbúning kröfugerðar 2008

Vinna við kröfugerð FG vegna samningsmarkmiða 2007 / 2008 hófst formlega með fundi FG „Ýtt úr vör“ í október 2005. Unnið var úr þeim fundi og í framhaldi af honum hefur eftirfarandi verið hrint í framkvæmd:

- Tímasett áætlun um vinnuna
- Kjarakönnun sett af stað og lokið
- Vinnufundir haldnir
- Bréf send til fagfélaga
- Athugasemdareitur settur á heimasíðu FG
- Vinna í kjölfar 16.1

Ólafur Loftsson formaður FG fór ásamt Karli Björnssyni sviðsstjóra kjaramála Sambands íslenskra sveitarfélaga og Ásmundi Stefánssyni ríkissáttasemjara til Boston á námskeiði í samningatækni á vegum Harvard og MIT. Á þessu námskeiði var kynnt ákveðin aðferðafræði sem aðilar hafa orðið sammála um að starfa eftir. Segja má að hún sé í fimm þrepum, sbr. hér að neðan.



Vinna hófst í maí 2007 með sveitarfélögum í kjölfar niðurstöðu 16.1 og í anda þeirrar aðferðafræði, sem nefnd er hér að framan, og lauk í janúar 2008 með sameiginlegri undirritaðri skýrslu aðila. Meðal helstu niðurstaðna er:

Meðalgrunnlaun grunnskólakennara á mánuði sem hefur umsjónarskyldur eru um 25-35 þús. kr. lægri en meðalgrunnlaun leikskólakennara með deildarstjórn. Sami munur er í sambærilegum störfum sem falla undir kjarasamning LN og BHM félaga.

Erfitt er að setja fram á nákvæman hátt samanburðarhæfar launaupplýsingar um framhaldsskólakennara og grunnskólakennara. Það liggur þó fyrir þegar búið er að endurmeta og reikna samanburð á meðalgrunnlaunum framhaldsskólakennara án stjórnunarábyrgðar og grunnskólakennara án stjórnunarábyrgðar að munurinn er a.m.k. 35 þús. kr., grunnskólakennurum í óhag. Verulegur munur er á heildarlaunum þessara hópa þar sem yfirvinnugreiðslur í framhaldsskólum eru mun meiri.

Samninganefnd FG bindur miklar vonir við að þessi vinna auðveldi kjaraviðræður og árangur þeirra. Ljóst er að með þessari skýrslu er tölulegum undirbúningi kjaraviðræðnanna lokið.

Launanefnd sveitarfélaga kaus nýja viðræðunefnd vegna kjaraviðræðnanna. Langþráð breyting varð á fulltrúum þeirra í nefndinni. Hana skipa nú Karl Björnsson sviðsstjóri kjaramála, Hallur Páll Jónsson mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar og Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir lögfræðingur hjá sambandinu.

Markmið FG vegna kjaraviðræðna 2008

Samninganefnd FG viðaði að sér miklum gögnum í aðdraganda kjaraviðræðnanna. Alls staðar komu fram sömu áherslur hjá félagsmönnum, hækkun grunnlauna. Markmið FG bera þess vott. Þau eru fá, einföld og skýr:

1. Markmið FG er að grunnlaun grunnskólakennara verði að lágmarki jöfn grunnlaunum annarra háskólamenntaðra stétta.
2. Markmið FG er að semja til stutts tíma.

3. Markmið FG er að hreyfa ekki við vinnutímaákvæðum kjarasamningsins.
4. Markmið FG er að ná sátt um framkvæmd einstakra þátta í kjarasamningnum.
5. Markmið FG er að aðilar verði sammála um að á samningstímanum verði unnið áfram að sameiginlegri sýn aðila í skólamállum og frekari greiningu á kjarasamningi aðila sbr. „samkomulag“ frá mars 2007.

Kynningar á samningsmarkmiðum hafa staðið frá miðjum janúar til miðs febrúar. Góður rómur var gerður að þeim, en þau sjónarmið komu einnig fram að heldur mikillar bjartsýni gætti í þeim og eins að ekki væri um nógu háleit markmið að ræða hvað varðar launaliðinn.

Aðilar hittust á fyrsta formlega fundi 20. febrúar 2008.

Samstarfsnefnd KÍ og LN

Samstarfsnefnd KÍ og LN skal skv. kjarasamningi fjalla um ágreining sem upp kann að koma út af honum. Ólafur Loftsson formaður FG og Kristinn Breiðfjörð formaður SÍ eru fulltrúar KÍ og Birgir Björn Sigurjónsson og Kristinn Kristjánsson fulltrúar LN. Að auki hafa Þórður Árni Hjaltested varaformaður FG, Ingunn Gísladóttir (þá starfsmannastjóri Menntasviðs Reykjavíkur) og Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir setið suma fundi. Mörg mál hafa komið til úrskurðar hjá nefndinni og gengur oft hægt að þoka málum í gegn þar. Stjórn FG sá ástæðu til að kvarta yfir vinnubrögðum nefndarinnar og framkomu eins nefndarmanna LN á haustmánuðum 2005. Ljóst er að enn er mikill ágreiningur um kjarasamning okkar við LN og að ekki hefur ríkt nægilegt traust milli aðila í samstarfsnefnd. Að frumkvæði fulltrúa KÍ í nefndinni hefur verið reynt að efla og bæta störf hennar en ekki verður séð að það muni skila árangri. Menntasvið Reykjavíkurborgar óskaði eftir því við hóp lögfræðinga að gerð yrði úttekt á aðdraganda síðustu kjaraviðræðna LN og KÍ og viðræðunum sjálfum. Margar alvarlegar skoðanir eru settar fram í skýrslunni og ályktanir sem af þeim eru dregnar margar hverjar skrítnar. Í stað þess að elta ólar við fjölmargar staðreyndavitleysur, ranghermi og fleira hefur samninganefnd FG og stjórn litið í eigin barm og aðgætt hvað betur hefði mátt fara.

Skólamálanefnd

Á aðalfundi Félags grunnskólakennara 2005 voru eftirtaldir kosnir í skólamálanefnd:

- Brynja Áslaug Sigurðardóttir
- Fjalar Freyr Einarsson
- Hlíf Þorgeirsdóttir
- Inga María Friðriksdóttir
- Jóhannes Þór Skúlason
- Sóley Sigurþórsdóttir

Til vara voru kjörnar þær:

- Rúna Björk Þorsteinsdóttir
- Þorbjörg Jóhannsdóttir
- Ásdís Guðjónsdóttir
- Elín Vigdís Ólafsdóttir

- Guðbjörg Íris Atladóttir

Formaður sem lögum samkvæmt er skipaður af stjórn var Kristín Jónsdóttir.

Miklar mannabreytingar urðu í nefndinni á starfstímanum. Sóley og Rúna Björk hættu snemma á kjörtímabilinu, Fjalar Freyr hætti vorið 2006 og Ásdís sl. haust. Varamenn tóku við af þeim sem hættu og í lok tímabils var aðeins einn eftir á varamannalistanum.

Skólamálanefnd FG hélt nítján fundi á kjörtímabilinu en tók auk þess þátt í tveimur ársfundum FG og ársfundi skólamálaráðs KÍ vorið 2007. Einnig tók skólamálanefnd þátt í kjaramálaráðstefnunni *Ýtt úr vör* sem FG hélt í nóvember 2005 og málþinginu *Framtíðarsýn í málefnum grunnskólans – ný grunnskólalög* sem haldið var 25. nóvember 2006. Skólamálanefnd hélt heils dags vinnufund 9. nóvember 2006 þar sem unnin voru drög að skoðanakönnun um nám á mörkum skólastiga grunn- og framhaldsskóla. Skoðanakönnunin var lögð fyrir félagsmenn FG í ársbyrjun 2007.

Hlutverk skólamálanefndar samkvæmt lögum Félags grunnskólakennara er:

- *Að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð,*
- *að vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna,*
- *að annast tengsl við fagfélög og sambærilegar nefndir annarra uppeldisstétta.*

Störf skólamálanefndar FG mótast að mestu leyti af ákvörðunum aðalfundar FG en einnig berast nefndinni ýmis mál frá stjórn FG og framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ.

Hugmyndir um styttingu námsstíma til stúdentsprófs, endurskoðun á námskrám, kennaramenntun, stefna í sérkennslumálum og skóli án aðgreiningar voru aðalviðfangsefni skólamálanefndar í upphafi kjörtímabils. Eftir að samkomulag menntamálaráðuneytis og KÍ um *Skólastarf og skólaumbætur - 10 skref til sóknar* leit dagsins ljós í febrúar 2006 voru málefni því tengd helsta umræðuefni skólamálanefndar. Formaður og/eða varaformaður FG komu á flesta fundina og sögðu m.a. frá vinnu ýmissa nefnda sem unnu í tengslum við fyrrnefnt samkomulag. Þar bar hæst vinnu við grunnskólalög, lög um lögverndun á starfsheiti kennara og skólastjórnenda, skil skólastiga og málefni Námsgagnastofnunar. Skólamálanefnd fékk ýmis verkefni milli funda, s.s. að lesa drög að lagafumvörpum um skólatengd málefni. Formaður skólamálanefndar var fulltrúi FG í starfshópi um almenna námsbraut framhaldsskólans sem skilaði lokaskýrslu í janúar 2007.

ADHD samtökin óskuðu eftir samstarfi við undirbúning námskeiða fyrir kennara og aðra starfsmenn skóla og tók formaður skólamálanefndar þátt í því. Búið er að halda þrjú námskeið í Reykjavík, eitt á Austurlandi og fyrirhugað er að vera með fleiri námskeið á næstunni auk þess sem haldin verður tveggja daga ráðstefna um málefni einstaklinga með ADHD í september 2008.

Vorið 2007 hófst vinna við mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar sveitarstjórnarmanna, skólastjórnenda og grunnskólakennara í skólamálum.

Hluti skólamálanefndar tók þátt í þeirri vinnu sem lauk seint í nóvember. Í framhaldi af því var skólastefna FG endurskoðuð og drög að nýrri stefnu lögð fram á undirbúningsfundi fyrir aðalfund FG 30. nóvember 2007. Skólamálaráð KÍ hélt fund um niðurstöður könnunar PISA og námsmat í desember 2007 og bauð skólamálanefndum

aðildarfélaganna á fundinn. Skólamálanefndir FG og FL hafa staðið sameiginlega að undirbúningi málþings um nám barna á mörkum leik- og grunnskóla sem halda átti í febrúar. Undirbúningi var að mestu lokið þegar aðalfyrirlesarinn forfallaðist og því var ákveðið að fresta málþinginu til vors.

Ef litið er yfir þau skólamál sem ályktað var um á 3. aðalfundi FG má sjá að nokkuð hefur áunnist, m.a. hillir undir lengingu kennaranáms og breytingar á fyrirkomulagi samræmdra prófa í 10. bekk.

Fundir og námskeið með trúnaðarmönnum

Eitt af hlutverkum FG skv. lögum er að standa að námskeiðum fyrir trúnaðarmenn FG. Þessi námskeið eru haldin á haustin og farið er yfir gildandi kjarasamning. Að auki eru til umfjöllunar önnur mál sem eru á döfinni. Má þar nefna ímyndar- og kynningarmál, samningsmarkmiðavinna, skólamálin og undirbúning aðalfundar.

Haustþing svæðafélaganna

Haustþing eru viðamestu verkefni svæðafélaganna úti á landi og jafnframt þau dýrustu. Á síðustu árum hafa þau heldur dalað, en segja má að á síðasta hausti hafi félögin spyrnt við fótum og nú sé hafin sókn til að hefja þau aftur til fyrri vegs og virðingar. Forysta FG telur mikilvægt að fara á öll haustþingin og hafa formaður og/eða varaformaður haft tækifæri til að fara á þau öll. Haustþingin eru vel sótt. Þau bera hvert sín séreinkenni og engin tvö eru eins. Öll eiga þau það sameiginlegt að vera metnaðarfull og vel undirbúin. Ljóst er að enn frekar þarf að festa haustþingin í sessi.

Laganefnd

Á aðalfundi FG í febrúar 2005 var eftirfarandi samþykkt:

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara samþykkir að stjórn félagsins skipi millipinganefnd. Hlutverk hennar verði að fara í gagngera endurskoðun á lögum félagsins. Nefndin geri grein fyrir störfum sínum á ársfundum.

Greinargerð

Það er nauðsynlegt fyrir öll félög að endurskoða tilvist sína og grunnlög með reglulegu millibili. Laganefndin telur nauðsynlegt að þriðji aðalfundur samþykki ákvæði um skipun millipinganefndar til að starfa milli aðalfunda FG. Stjórn FG skal skipa nefndina ekki síðar en haustið 2005 og skal nefndin þá þegar hefja störf.

Nefndin á að endurskoða lög og reglugerðir FG og gera grein fyrir störfum sínum á ársfundum FG 2006 og 2007 til kynningar en leggja

fram drög að endurskoðuðum lögum FG á aðalfundi félagsins árið 2008.

Óskað var eftir því við svæðaformenn að tilnefna fulltrúa í nefndina auk þess sem nokkrir aðilar gáfu kost á sér. Þeir sem skipa nefndina (auk formanns og varaformanns FG) eru: Fjalar Freyr Sigurðsson BKNE, Sigurður Haukur Gíslason KMSK og Þórunn Jónasdóttir KFR. Nefndin hélt 5 fundi.

Nefndin skilaði tillögu sinni til ársfundar 2007. Meðal helstu hugmynda voru:

- Fjölgað í stjórn úr fimm í sjö.
- Breytingar á kosningaskipulagi.
- Formaður kosinn beinni kosningu allra félagsmanna.
- Óbreyttur fjöldi svæðafélaga en þeim gert kleift að sameinast vilji þau það.
- Styrkja stöðu svæðaformanna.
- Uppstillinganefnd lögð niður – kjörnefnd tekur við.

Stjórn FG ákvað í framhaldinu í samræmi við tillögu frá fundi svæðaformanna að skoða löggin með tilliti til fjármála svæðafélaganna og uppbyggingar þeirra. Í hópinn völdust, auk formanns og varaformanns FG, Sturla Þorsteinsson formaður KR, Þóra Magnúsdóttir formaður KV, Sigurður Haukur Gíslason formaður KMSK og Þorgerður L. Diðriksdóttir formaður KFR. Örn Arnarson kom svo í hópinn í stað Þóru þegar hann tók við formennsku í KV af henni. Hópurinn lauk störfum og skilaði hugmyndum sínum til undirbúningsfundar aðalfundar. Meðal helstu hugmynda hópsins var að sameina svæðafélögin í fimm félög og breyta uppbyggingu stjórnar þannig að fimm svæðaformenn og fimm kjörnir á aðalfundi FG mynduðu stjórn FG. Svæðaformenn yrðu sjálfkrafa hluti af samninganefnd og hún þannig skipuð fimmtán manns, fimm svæðaformönnum, fimm úr stjórn og fimm fulltrúum kosnum á aðalfundi FG. Þeir fjármunir sem við þetta myndu sparast yrðu notaðir til að efla starfsemi svæðafélaganna. Á fundinum voru þessar hugmyndir ræddar og ljóst að þeim var misjafnlega tekið. Í lagabreytingatillögunum var reynt að koma til móts við vilja fundarins.

Kynningarnefnd

Á aðalfundi FG í febrúar 2005 var eftirfarandi samþykkt:

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara samþykkir að stjórn FG endurskoði með hvaða hætti sé staðið að kynningarstarfi félagsins. Með skipan nefndar, endurskipulagningu starfa í samstarfi við önnur aðildarfélög Kennarasambandsins og auknu kynningarstarfi, skoðaðir verði kostir þess að kaupa utanaðkomandi þjónustu.

Stjórn FG skal skipa kynningarnefnd. Hún starfi í samráði við stjórn, skólamálanefnd, samninganefnd og formenn svæðafélaga auk upplýsinga- og útgáfusviðs KÍ að einstökum verkefnum eða í tiltekinn tíma.

Greinargerð

Eitt af hlutverkum stéttarfélags hlýtur að vera að standa að kynningarstarfi bæði innan félags og utan. Á liðnu kjörtímabili hefur þó nokkuð verið unnið að kynningarstarfi bæði á vegum FG og KÍ. Helst ber að telja heimasíðu KÍ, heimasíður svæðafélaga, útgáfu Skólavörðunnar og handbókar, reglustikum með merki félagsins hefur verið dreift til sex ára barna og merki félagsins og hálsböndum dreift til félagsmanna. Nýútskrifuðum kennurum sent kort, gefið út fylgirit (Skólalíf) með Morgunblaðinu og haldin skólamálaþing.

Í nýafstöðnu verkfalli var einnig unnið að kynningarstarfi, m.a. gefið út fréttabréf og birtar auglýsingar í sjónvarpi og dagblöðum.

Í vetur hefur verið greinileg óánægja með kynningarstarf félagsins. Hún hefur birst bæði á fundum með trúnaðarmönnum og almennum félagsmönnum í tengslum við nýafstaðna kjaradeilu. Þótt hefur skorta á frumkvæði bæði félagsmanna og starfsmanna kynningarmála og að sýnileiki þess starfs sem fram fer sé ekki nægur.

Kynna þarf störf félagsmanna, eðli þeirra og breytingar undanfarinna ára og áratuga, launamál og þróun kaups og kjara, réttindamál og önnur skólamál. Einnig þarf að kynna félagsmönnum starfsemi félagsins. Kynningarstarf ætti m.a. að beinast að almenningi, foreldrum, stjórnvöldum og viðsemjendum.

Nefndin ræði hvað sé vel gert og hvað illa, komi með tillögur um úrbætur og skoði hvar hægt er að bregðast við og hafi í huga kostnað við hugsanlegar aðgerðir.

Óskað var eftir því við þá aðila sem starfað höfðu í kynningarnefnd félagsins í verkfallinu að þeir tækju þetta verk að sér.

Í nefndinni eru (auk formanns FG):

- Alda Áskelsdóttir KR
- Auður Ögmundsdóttir KFR
- Guðlaug Guðsteinsdóttir KMSK

Meginverkefni kynningarnefndar hefur verið að halda utan um ímyndar- og kynningarherferð félagsins auk umsjónar með útgáfu kynningarefnis. Nefndin hefur haldið 4 fundi. Auglýsinga- og markaðsstofa Hvíta hússins hefur haft umsjón með þessum verkefnum.

Áður en til starfs kynningarnefndar kom hafði stjórn FG hafið útgáfu fréttabréfa (sjá í fylgiskjöllum) og undirbúning að heimasíðu FG og svæðafélaganna, www.fgk.is sem leit dagsins ljós í janúar 2006.

Erlent samstarf

Norrænu kennarasamtökin

Kennarasamband Íslands er aðili að *Nordiska Lärarorganisationers Samråd* – NLS. Félaginu er skipt í nokkrar deildir, þar með talin grunnskóladeild. FG er aðili að þeirri deild NLS og sækir að jafnaði tvo fundi á ári með fulltrúum annarra kennarasamtaka á Norðurlöndum. Á þessum fundum er skipst á skoðunum um skólamál, sagt frá því helsta sem er á döfinni í skólamálum í hverju landi fyrir sig og að auki er oft einblínt á eitt ákveðið efni sem er einskonaþema fundanna. Á síðustu árum hafa fundirnir verið haldnir í Noregi, á Íslandi og í Svíþjóð. Á þessu ári verða þeir í Danmörku og að ári í Finnlandi.

Annað samstarf

Reglulega berst félaginu og formanni beiðni og boð um að sækja fundi og ráðstefnur af ýmsu tagi. Á kjörtímabilinu sem nú er að líða má helst nefna eftirtalda atburði:

- Fundur með norrænu foreldrasamtökunum í Danmörku í boði Heimilis og skóla
- Fundur um niðurstöður PISA rannsókna í Noregi í boði norrænu ráðherranefndarinnar
- Ráðstefna um PISA og hvernig finnska menntakerfið er uppbyggt
- Sumarnámskeið NLS í Færeyjum
- Haustfundur NLS í Stokkhólmi
- Fundur um bráðger börn í Danmörku í boði norrænu ráðherranefndarinnar
- Heimsþing kennara í Berlín
- Hausráðstefna NLS í Bergen
- Ráðstefna um Nordplus áætlunina í Riga í Lettlandi í boði Nordplus
- Fundur um ADHD í Bretlandi

Samkomulag við menntamálaráðherra

Í febrúar 2006 undirrituðu Kennarasamband Íslands og menntamálaráðuneytið samkomulag í tíu liðum. Stjórn FG og skólamálanefnd höfðu áður fjallað um innihald samkomulagsins og á endanum staðfesti stjórn FG það fyrir sína hönd. Stjórnir allra aðildarfélaga KÍ gerðu slíkt hið sama áður en samkomulagið var undirritað.

Mörg þeirra tíu atriða sem nefnd eru í samkomulaginu hafa lengi verið helstu baráttumál kennara. Má þar nefna baráttu þeirra fyrir lengri og bættri

kennaramenntun, áherslu þeirra á endurmenntunarmál, aukinn sveigjanleika í námi og aðgerðir til að draga úr brottfalli nemenda. Samkomulagið er eftirfarandi:

1. Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hefst vorið 2006. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er aukin samfella milli skólastiganna, sveigjanleiki milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið er betri menntun og betri námsárangur nemenda.

2. Efling kennaramenntunar er ein helsta forsenda þess að hægt sé að þróa og styrkja íslenska menntakerfið. Nefnd um framtíð kennaramenntunar er nú að störfum og verður tekin ákvörðun um markvissa eflingu kennaramenntunar á grundvelli niðurstaðna hennar.

3. Framhaldsskólum verður gefinn fjögurra ára aðlögunartími til að takast á við breytta námsskipan út frá eigin skipulagi. Það mun draga úr þeirri spennu er myndast í framhaldsskólum og háskólum vegna breyttrar námsskipunar.

4. Unnið verður að eflingu endurmenntunar kennara á öllum skólastigum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa og breytta námsskipan.

5. Starfsheiti leikskólakennara verður löggilt.

6. Verk- og starfsnám í grunn- og framhaldsskólum verður eflt, skipulag einfaldað og hvatt til aukinnar aðsóknar í slíkt nám.

7. Almenn braut framhaldsskólans verður endurskipulögð og efld með víðtækum hætti, náms- og starfsráðgjöf styrkt og stuðlað verði að því að áfram dragi úr brottfalli í framhaldsskólum.

8. Námssefnisgerð allra skólastiga verður efld með nýjum lögum um Námsgagnastofnun, eflingu þróunarsjóða og námsefnisgerðarsjóðs auk aukinnar áherslu á gerð stafræns námsefnis.

9. Fjar- og dreifnám verður skilgreint með skipulegum hætti í samræmi við gæðamat í því skyni að auka sveigjanleika skólakerfisins og fjölga valkostum.

10. Aðilar vinna saman að því að starf kennara og starfsumhverfi verði aðlaðandi og eftirsóknarvert.

Skipaður hefur verið stýrihópur sem er ætlað að móta og stýra því starfi sem framundan er til að ná fram markmiðum samkomulagsins. Fyrir hönd Kennarasambandsins eru Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ og Ólafur Loftsson formaður FG.

Undirbúningsfundur aðalfundar

Í samræmi við samþykkt síðasta aðalfundar boðaði stjórn til sérstaks undirbúningsþings vegna aðalfundar FG. Þar voru rædd þau mál sem á að ræða á aðalfundi okkar 2008. Samþykkt aðalfundar 2005 var eftirfarandi:

Í ljósi þess að tími til nefndarstafa, umræðna og afgreiðslu mála er allt of knappur á aðalfundi beinir 3. aðalfundur FG því til stjórnar félagsins að á kjörtímabilinu verði haldið málþing þar sem fjallað verði um hvern málaflokk sérstaklega.

Um málaflokka vísast til dagskrár tólfta liðar á aðalfundi (skjal A).

Hlutverk málþingsins verði að ræða og móta tillögur til aðalfundar í einstökum málaflokkum. Tillögum málþingsins skal beint til stjórnar félagsins sem býr þær til formlegrar afgreiðslu á 4. aðalfundi FG 2008.

Það er von stjórnar að þetta vinnufyrirkomulag, auk breytinga á dagskrá og breyttrar tilhögunar á kosningafyrirkomulagi, megi verða til þess að gera aðalfund félagsins skilvirkari.

Á þingið voru stjórnir svæðafélaganna boðaðar auk samninganefndar og skólamálanefndar. Þingið tókst vel og þau mál sem fram eru borin á þessum fundi eru afrakstur þessa undirbúningsþings.

Lokaorð

Þetta kjörtímabil hefur verið afar viðburðaríkt. Mörg stór verkefni hafa verið á borði stjórnar og starfsmanna. Mestur tími hefur farið í skóla- og kjaramál og aðstoð við einstaka kennara. Í skólamállum ber hæst tíu punkta samkomulag sem gert var við menntamálaráðherra. Félagið átti fulltrúa í öllum nefndum sem störfuðu í kringum það. Mikil vinna var í verkefnisstjórn vegna samkomulagsins, í starfshópi um sveigjanleika og fjölbreytni í skipulagi náms og námsframboðs og síðast en ekki síst við endurskoðun grunnskólalaga. Nefnd sú sem fjallaði um grunnskólalögin lagði mjög mikla vinnu í það verk. Segja má að vinnan við tíu punkta samkomulagið hafi orðið heldur endaslepp og því lauk ekki á þann hátt sem við hefðum kosið. Ráðherra og ráðuneytið tóku við tillögum nefnda og í stað þess að fela verkefnisstjórn að klára samhæfingu frumvarpa til breytingar á lögum, ákvað ráðuneytið sjálf að klára það verk. Nú eru þessi frumvörp til umfjöllunar á Alþingi og Félag grunnskólakennara hefur gert nokkrar alvarlegar athugasemdir við grunnskólafrumvarpið.

Félagið átti marga fulltrúa í vinnuhópi sem markaði grunnskólanum sameiginlega framtíðarsýn frá 2008 – 2020 í samstarfi við Skólastjórafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þetta samstarf tókst mjög vel og þessa dagana er verið að kynna afrakstur þess fyrir kennurum, skólastjórum og sveitarstjórnarmönnum. Mikil vinna hefur verið hjá skólamálanefnd vegna þessa.

Í kjaramálum ber hæst deilur um viðbrögð við endurskoðunarákvæði í kjarasamningi okkar við LN, grein 16.1. Ljóst er að LN og sveitarfélögin misstu af gullnu tækifæri til að koma í veg fyrir flóttu úr kennarastéttinni og það neyðarástand sem ríkt hefur í mörgum

skólum þetta skólaár sem nú er brátt á enda. Það er með ólíkindum að LN skyldi ekki, þrátt fyrir afar sterk efnahags- og kjarabróunarleg rök, samþykkja hógværar tillögur FG um eðlilegar og sanngjarnar leiðréttingar á launum. Launanefndin ber fulla ábyrgð á því ástandi sem skapast hefur í grunnskólunum í vetur. Þrátt fyrir mikil vonbrigði með niðurstöðu úr 16.1 og samskiptin og skilningsleysi LN, ákváðu aðilar að reyna að stefna að bættum samskiptum og betri vinnubrögðum.

Framundan er að ganga frá kjarasamningi við LN. Undirbúningur samninga hefur gengið vel og óhætt er að fullyrða að samstarfið við sveitarfélögin og LN hafi verið betra nú en það hefur verið í langan tíma. Aðilar luku öllum tölulegum undirbúningi kjaraviðræðnanna í janúar 2008. Í þeirri vinnu kom í ljós að grunnlaun grunnskólakennara eru þau lökustu meðal háskólamenntaðra stétta. Munar þar að meðaltali allt að 40.000 krónum á mánuði á grunnlaunum þessara stétta. Það er ljóst að laun grunnskólakennara verða að hækka verulega strax að samningum loknum. Þau verða í það minnsta að vera til jafns við aðrar háskólamenntaðar stéttir ef ekki á að fara illa í skólastarfinu næsta vetur. Verði kjarasamningar ekki á skynsamlegum nótum munu kennarar enn frekar flýja starf sitt og ekki verður séð fyrir endann á því ástandi sem þá mun skapast í skólum landsins.

Við stöndum á krossgötum í samskiptum okkar við sveitarfélögin. Ef þau treysta sér ekki til að gera mannsæmandi kjarasamning við grunnskólakennara verða þau að afsala sér grunnskólanum aftur til ríkisins. Það er hvorki hægt að bjóða nemendum og aðstandendum þeirra né starfsfólki upp á það ástand sem ríkt hefur í vetur.

Nú er tækifæri til að hefja ný og bætt samskipti við LN og horfa sameiginlega til framtíðar. Til að það megi gerast verða sveitarfélögin að viðurkenna í verki mikilvægi allra uppeldisstétta.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem hafa komið að starfi félagsins á kjörtímabilinu sem er að líða. Varaformanni okkar, Þórði Árna Hjaltested fyrir frábæra framgöngu í vinnu við skólamálin, stjórn og varastjórn fyrir mikið og óeigingjarnt starf, starfsmanni okkar og akkeri Sesselju G. Sigurðardóttur fyrir dugnað og kraft, samninganefnd, skólamálanefnd, svæðaformönnum, trúnaðarmönnum og öðrum sem lagt hafa hönd á plóginn fyrir að leggja allt í sölurnar til að gera veg stéttarinnar sem mestan. Þið eigið mikið hrós skilið fyrir vasklega framgöngu.

F.h. stjórnar,

Ólafur Loftsson
formaður FG